

Tillaga um grænkeravalkost í mötuneytum Kópavogsbæjar:

Lagt er til að tryggt verði að boðið sé upp á val um grænkerafæði (vegan) í öllum mötuneytum leik- og grunnskóla auk félagsmiðstöðva eldri borgara í Kópavogi.

Greinargerð:

Í framtíðarsýn stefnu Kópavogsbæjar segir: *Kópavogsbær er borgarsamfélag í nánnum tengslum við náttúruna enda sýnir bærinn umhverfislega og samfélagslega ábyrgð. Í Kópavogi eru skólar í fremstu röð og vel hugað að líðan, heilsu og velferð íbúa á öllum aldri.*

Kópavogur er samfélag sem byggir á lýðræðislegum ákvörðunum þar sem íbúarnir hafa áhrif á eigin mál. Kópavogsbær er rekinn af ráðdeild þar sem áhersla er lögð á sjálfbærni og skilvirkni.“ Auk þess er ein af sex meginháherslum lýðheilsustefnu Kópavogsbæjar er að *stuðla að neyslu hollrar fæðu.*

Í dag er það undir hverri og einni stofnun komið hvort og þá hversu oft grænkerafæði er í boði. Alla jafna er tekið tillit til þess ef um ofnæmi er að ræða, eða tiltekinnar fæðu er ekki neytt af trúarlegum ástæðum, en ekki er á sama hátt komið til móts við þau sem kjósa að neyta ekki dýraafurða af m.a. siðferðislegum ástæðum. (Þess má geta að breskir dómstólar hafa úrskurðað að veganismi af siðferðilegum ástæðum sé lífsskoðun og þar með lögverndaður, þau sem eru grænkerar af siðferðilegum ástæðum eiga því að njóta sömu lögverndar gegn mismunun og trúaðir á breskum vinnustöðum – sjá umfjöllun hér: <https://www.ruv.is/frett/sidferdilegur-veganismi-er-lifsskodun>).

Embætti landlæknis gaf nýverið út handbók fyrir grunnskólamötuneyti þar sem fram kemur að „Ef eingöngu er um grænkerafæði (e. vegan) að ræða þýðir það að allar vörur úr dýraríkinu eru útilokaðar, það er að segja kjöt, fiskur, skeldýr, fuglakjöt, egg, mjólk og mjólkurvörur. Skólinn ætti að koma til móts við þarfir barnanna þannig að þau geti fylgt sömu áherslum í sínu fæði og heima eins og kostur er.“

Margvísleg rök eru fyrir því að bjóða upp á grænkeravalkost í mötuneytum á vegum bæjarins. Fyrir utan það að virða sjálfsákvörðunarrétt fólks þegar kemur að því að neyta dýraafurða þá er grænkerafæði umhverfisvænni valkostur, ræktun búfjár í landbúnaði ber til dæmis ábyrgð á stærri hluta losunar gróðurhúsalofttegunda af mannavöldum í heiminum

heldur en samanlögð losun allra vélknúinna farartækja á jörðinni, og umhverfisáhrif við framleiðslu á 1 kg af íslensku lambakjöti jafnast á við flugferð einstaklings til Evrópu. Þá er grænkerafæði auk þess almennt ódýrara en dýraafurðir. Að lokum gæti bætt aðgengi að grænkerafæði auðveldað störf matráða þar sem algengustu fæðuofnæmin snúa að dýraafurðum, þannig væri til dæmis tilvalið að hafa einfaldlega grænker-aðalrétt fyrir alla einu sinni til tvisvar í viku.

Þá má geta þess að á barnþingi árið 2019 kom fram skýr vilji barna til að „*minnka kjötneyslu og hætta dýraníði því það er óréttlátt og því kjöt mengar og við þurfum að bjarga jörðinni strax*“. Börnin töldu að hægt væri að ná þessu með því að hafa grænmeti ódýrara, hvetja skóla til þess að hafa oftar grænkerafæði á boðstólum, fræða almenning um dýr og kenna börnum um grænkerafæði í heimilisfræði.

